

EFTIRLITSSKÝRSLA

Orkugerðin Flóahreppur



Dags eftirlits	8.8.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Orkugerðin	Eftirlitsmaður	Sigríður Kristinsdóttir
Heimili	Heiðargerði 5	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	5801697249	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Ólafur Wernersson	ÍSAT nr.	15.41.0.2
Fulltrúi fyrirtækis	Felix Rafn Felixson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Átta frávik frá kröfum í starfsleyfi komu fram við eftirlit og tvær ábendingar eru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit í Orkugerðina út frá ábendingum og kvörtunum íbúa frá nágrenni verksmiðjunnar um óæskilegt ónæði vegna lyktarmengunar. Eftirlit stofnunarinnar byggir á grundvelli 54. og 64 gr. laga nr. 7.1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. gr. nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Í eftirliti var tekið til umfjöllunar eftirfarandi atriði:

- Kvartanir vegna lyktarmengunar
- BAT
- Staðan frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfi
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Önnur mál
- Skoðunarferð um verksmiðjuna
- Áhættumat

1. Til umfjöllunar voru ábendingar og kvartanir sem borist hafa Umhverfis- og orkustofnun vegna lyktarmengunar frá verksmiðjunni. Fjallað var um möguleg úrræði til úrbóta til að lágmarka áhrif af lyktarmengun umhverfis verksmiðjuna. Hluti af því að er að hefja greiningu á bestu aðgengilegu tækni (BAT) (sjá frekari umfjöllun hér að neðan). Rekstraraðila ber að skrá allar ábendingar og kvartanir sem berast og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg lyktarmengun. Rekstraraðili skal halda skrá yfir ábendingar þegar þær berast, m.a. um þann sem leggur inn ábendinguna, staðsetningu, dagsetningu móttöku, veðurfar, viðbrögð og mótvægisáðgerðir sem farið er í. Gera skal grein fyrir líklegri lyktaruppsprettu (t.d. vegna viðhalds) og viðbrögðum rekstraraðila gagnvart þeim ábendingum. Gera skal grein fyrir þeim sem hluta af skráningum vegna innra eftirlits rekstraraðila sem skilað er árlega til stofnunarinnar. Ef viðhald er fyrirséð með líkum á aukinni lyktarmengun umhverfis verksmiðjuna skal tilkynna það til Umhverfis- og orkustofnunar og til sveitarfélagsins. Rekstraraðili hefur tekið ákvörðun um að setja upp frekari mengunarvarnir með uppsetningu á lífsíu (biofilter). Á áætlun er að uppfæra móttökusvæðið og stefnt að því að ljúka því verkefni í nóvember. Verklag við þrif hefur verið endurskoðað og bætt, með tíðari, reglulegri þrifum og sápuþvotti. Búnaður og lagnir hafa verið færðar til, til að auðvelda þrif og unnið hefur verið að endurbótum á efnisgeymslu.

2. Í eftirliti var farið yfir BAT- kröfur sbr. starfsleyfi, en þann 13. febrúar 2025 var gerð fjórða breyting (rg. nr. 217/2025) á rg. nr. 935/2018 um BAT (bestu aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB um losun í iðnaði, fyrir sláturhús og iðnað og fyrir aukaafurðir úr dýrum og/eða ætar samafurðir. Farið var yfir kröfur skv. BAT

3. Opið er eldra frávik úr eftirliti ársins 2022 frá gr. 2.4. í starfsleyfi og varðar takmörkun aðgengis að athafnasvæði verksmiðjunnar og að svæðið skuli vera afgirt með skepuhældri girðingu. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktu úrbótaáætlun vegna fráviks frá gr. 4.1. í starfsleyfi og varðar mælingar á útblæstri sem framkvæma ber árlega, þegar verksmiðjan er keyrð á hámarksálagi.

4. Rekstraraðili skilaði inn Umhverfisupplýsingum og útstreymisbókhalði þann 30. apríl sl. Rekstraraðili vinnur innan heimildar, móttækið hráefni árið 2024 voru 10.554 tonn. Farið var yfir kröfur í starfsleyfi við eftirlit.

5. Ábendingar voru lagðar fram vegna skráninga í ársyfirliti (sjá ábendingu nr. 1 hér að neðan).

6. Óskað var eftir uppfærðum viðbragðsáætlunum vegna tímabundinna rekstrarstöðvunar (t.d. vegna bilana) og varanlegrar rekstrarstöðvunar sbr. gr. 1.5 í starfsleyfi ásamt uppfærðri áætlun um viðhaldspörf, endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald á mengunarvarnabúnaði.
7. Fjallað var um breytingu á rg. nr. 990/2008 um útstreymisbókhald, sbr. breytingareglugerð 206/2025, og ber hún nú nafnið reglugerð um umhverfisupplýsingar. Reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald er á sama tíma felld úr gildi. Mikilvægt er að rekstraraðili kynni sér vel þær breytingar fyrir næstu skil. Sent var á rekstraraðila upplýsingar um breytt fyrirkomulag eftirlita frá Umhverfis- og orkustofnun og leiðbeiningar um olíuskiljur eftir eftirlit.
8. Farið var í skoðunarferð um verksmiðjuna og er ein ábending lögð fram út frá þeirri skoðun (sjá seinni ábendingu).
9. Niðurstaða áhættumats 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit gefur niðurstöðu um flokk A og viðmið um tíðni eftirlits 2026, tvisvar á árinu.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
frá gr. 1.5 í starfsleyfi:	Áætlanir vegna rekstrarstöðvunar voru ekki til staðar við eftirlit en til staðar þurfa að vera áætlanir er fjalla um tímabundna rekstrarstöðvun og ef rekstur stöðvast óvænt og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætlun skal gera grein fyrir hvernig gengið skuli frá úrgangi, efnaafgöngum, óunnu hráefni, afurðum, húsnæði, búnaði, tækjum, geymum og rekstrarsvæði (sjá nánar umfjöllun í starfsleyfi).
frá gr. 1.6. í starfsleyfi.	Endurskoða þarf starfsleyfið vegna breytinga á niðurstöðum um bestu aðgengilegu tækni. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun þar sem fram kemur með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
frá gr. 2.14 og 3.13 í starfsleyfi:	Öryggisblöð vegna efna sem geymd eru á rekstrarsvæði eru ekki til staðar og rekstraraðila er skylt að frágangur sé þannig af olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í yfirborðsvatn eða grunnvatn. Bæta þarf aðstöðu við vesturhlið Orkugerðarinnar þar sem olíufurðum er ráðstafað frá verksmiðjunni, (sjá frh. af texta undir "Annað" hér að neðan).
frá gr. 3.12 í starfsleyfi:	Varðar fyrirbyggjandi viðhald, en til staðar þarf að vera áætlun um viðhaldspörf, endurbætur og fyrirbyggjandi viðhald á mengunarvarnarbúnaði og áætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila. Óskað er eftir uppfærðri áætlun með tímasettum viðmiðum með uppsetningu á biofilters, og gera grein fyrir öðrum endurbætum ef við á, endurskoða þarf slíka áætlun reglulega út frá stöðu hvers tíma.
frá gr. 2.5 í starfsleyfi:	Varðar umhverfisstjórnunarkerfi. Rekstraraðili hefur viðhaldsstjórnunarkerfi, en ekki var sýnt fram á umhverfisstjórnunarkerfi við eftirlit en skv. starfsleyfi ber rekstraraðila að vinna eftir kerfi sem uppfyllir kröfur um umhverfisstjórnunarkerfi.
frá gr. 4.1. í starfsleyfi:	Vegna ófullnægjandi skráninga, ekki lágu fyrir teikningar af frárennsli við skil ársyfirlits, óskað er því eftir teikningum af frárennsli (rotþrær, fitugildirur, olíuskiljur) sem og einfaldri afstöðumynd yfir allan þann búnað sem til staðar er innan verksmiðjunnar, legu m.t.t. byggingar, staðsetninga og mengunarvarna (t.d. lekavörn, frárennsli), skulu þær vera lýsandi fyrir núverandi afstöðu verksmiðjunnar.

frá gr. 4.2. í starfsleyfi:

Varðar mælingar skv. gr. 3.5. Ekki voru framkvæmdar mælingar vegna ársins 2024. Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun, frávik er hins vegar ólokið þar til úrbætur hafa farið fram.

ÁBENDINGAR

1. Frekari ábending vegna fráviks, er lögð fram vegna skila á skráningum. Gera þarf betur grein fyrir upplýsingum um þann tíma sem líður frá móttöku hráefnis þar til vinnsla er lokið í skráningum. Hvað varðar kvartanir sem berast til rekstraraðila, þá er ekki nóg að skrá eingöngu þær kvartanir sem berast til rekstraraðila frá Umhverfis – og orkustofnun.
2. Þegar eftirlit fór fram voru stórar dyr á vestari hlið verksmiðjunnar opnar. Slíkt gæti haft áhrif á að undirþrýstingur innilofts haldist ekki innan verksmiðjunnar og möguleg áhrif á hreinsun innilofts í gegnum lofthreinsibúnað. Hér er atriði sem þarfnast nánari athugunar við greiningu á BAT.

ANNAÐ

Sjá þarf til þess að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg og frágangur á geymum og lögnum og áfyllingarsvæði skal vera í samræmi við ákvæði rg. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Rekstraraðili skal einnig halda rekstrarsvæði sínu snyrtilegu og þar skulu ekki vera hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Ráðstafa skal jafnóðum frá starfstöð tómun ílátum, þá sérstaklega þeim sem hafa verið notuð til geymslu á skaðlegum efnum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,


Halla Margrét Viðarsdóttir